

Sp. 523. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]
um undirbúning löggjafar um listamannalaun.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson,
Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag íslenskra listamanna.

Greinargerð.

Allmörg undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd skipt því fé, sem Alþingi hefur á hverjum tíma veitt til listamannalauna. Hefur nefndin verið kjörin til eins árs í senn. Á það hefur verið bent með rökum, að slíkt skipulag þessara mála væri ekki til frambúðar. Æskilegt væri, að sérstakri stofnun væri fengið það verkefni að úthluta listamannalaunum. Ólíklegt er, að nokkurn tíma verði fundin aðferð, sem allir verði ánægðir með og tryggi fyllsta réttlæti í þessum efnum, svo mikið álitamál er það, hvað sé styrks eða verðlauna vert á sviði listsköpunar og túlkunar. En það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nauðsynlegt sé að freista nýrra leiða, þegar um er að ræða verðlaunaveitingu til íslenskra listamanna. Þess vegna er þessi tillaga flutt.